

Ed.

749. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankaskuldabréf eða þriðja flokks bankavaxtabréf Landsbankans.

Nefndin, sem háttv. Ed. vísaði máli þessu til, hefir athugað það, og leggur hún til, að það sé samþykkt með breytingum þeim, er hér segir:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt skal landsstjórninni að kaupa af Landsbankanum fyrir landssjóðs hönd bankavaxtabréf fyrir allt að 2 milljónum króna.
2. Við 2. gr.
 - a. Fyrir orðið »en« komi: og.
 - b. Orðin »bankaskuldabréf eða« falli burt.
 - c. Aftan við greinina bætist: »og fer kaupverðið eftir lánskjörunum«.
3. Orðin í fyrirsögninni: »bankaskuldabréf eða þriðja flokks« falli burt.

Efri deild alþingis, 6. maí 1909.

Jens Pálsson,
formaður.

Jósef Björnsson,
skrifari og framsögum.

Lárus H. Bjarnason.

Kristinn Danielsson.

Eiríkur Briem.